

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	EES-ráðið	
	2.	Sameiginlega EES-nefndin	
	3.	Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
	4.	Ráðgjafarnefnd EES	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-rikkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2009/EES/23/01		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 368/06/COL frá 29. nóvember 2006 um sölu íslenska ríkisins á eignarhlut sínum í Sementsverksmiðjunni hf. (Ísland)	1
	3.	EFTA-dómstóllinn	
	III	EB-STOFNANIR	
	1.	Ráðið	
	2.	Framkvæmdastjórnin	
2009/EES/23/02		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5380 – Air France-KLM/Royal Air Maroc/JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	12
2009/EES/23/03		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5496 – Vattenfall/Nuon)	13
2009/EES/23/04		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5507 – Q-Cells/Good Energies/NorSun/Sunfilm) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	14
2009/EES/23/05		Ríkisaðstoð – Holland – Málsnúmer C 5/09 (áður N 210/08) – Undanþága frá greiðslu umhverfisskatta sem veitt er framleiðendum leirvöru í Hollandi – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans	15
2009/EES/23/06		Ríkisaðstoð – Frakkland – Málsnúmer C 17/07 (áður NN 19/07) – Stýring raforkuverðs í Frakklandi – Lengri gildistími – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans	15

2009/EES/23/07	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 4. mgr. 16. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í bandalaginu – Almannaþjónustukvaðir í tengslum við áætlunarflug (Spánn)	16
2009/EES/23/08	Orðsending stjórnvalda í Frakklandi með vísan til tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni (tilkynning um umsókn um sérleyfi til að leita að fljótandi og loftkenndu kolvetni sem kennt er við „Chevy“)	16
2009/EES/23/09	Orðsending stjórnvalda í Frakklandi með vísan til tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni (tilkynning um umsókn um sérleyfi til að leita að fljótandi og loftkenndu kolvetni sem kennt er við „Obernai“)	17
2009/EES/23/10	Auglýsing eftir tillögum EACEA/06/09 samkvæmt áætlun um símenntun – Styrkveitingar vegna starfsemi sem varðar mótun og framkvæmd hins svonefnda evrópska starfsréttindakerfis (EQF), að meðtöldum starfsréttindakerfum einstakra ríkja og starfsgreina.	18
2009/EES/23/11	Auglýsing eftir tillögum EACEA/07/09 samkvæmt áætlun um símenntun – Stuðningur við samstarf milli Evrópuríkja á sviði menntunar og starfsfræðslu	20

3. Dómstóllinn

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA
368/06/COL

2009/EES/23/01

frá 29. nóvember 2006

um sölu íslenska ríkisins á eignarhlut sínum í Sementsverksmiðjunni hf.

(Ísland)

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN ⁽¹⁾

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið ⁽²⁾, einkum ákvæða 61., 62. og 63. gr. og bóknar 26,

með vísan til samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls ⁽³⁾, einkum 24. gr.,

með vísan til 2. og 3. mgr. 1. gr. I. hluta og 2. og 4. mgr. 4. gr., 6. gr. og 2. mgr. 7. gr. II. hluta bóknar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól,

með vísan til leiðbeininga Eftirlitsstofnunar EFTA ⁽⁴⁾ um beitingu og túlkun 61. og 62. gr. EES-samningsins,

með vísan til ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA frá 14. júlí 2004 um framkvæmdarákvæði sem um getur í 27. gr. í II. hluta bóknar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól,

eftir að hafa leitað eftir athugasemdum hagsmunaaðila, í samræmi við ofangreind ákvæði, við ákvörðun 421/04/COL ⁽⁵⁾ og ákvörðun 367/06/COL ⁽⁶⁾

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

I. MÁLSATVIK

1. Málsmeðferð

Í bréfi sendiráðs Íslands gagnvart Evrópusambandinu dagsettu 19. ágúst 2003, sem hafði að geyma bréf fjármálaráðuneytisins dagsett 19. ágúst 2003, en bæði bréfin bárust Eftirlitsstofnun EFTA og voru skráð sama dag (skjalnr. 03-5685 A), tilkynntu stjórnvöld á Íslandi sölu á eignarhlut ríkisins í Sementsverksmiðjunni hf. í samræmi við 3. mgr. 1. gr. I. hluta bóknar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.

Hinn 17. desember 2003 lagði fyrirtækið Aalborg Portland Íslandi ehf. fram kvörtun hjá Eftirlitsstofnun EFTA að því er varðaði skilmála sem tengdust sölu ríkisins á eignarhlut sínum í Sementsverksmiðjunni hf. Bréfið barst stofnuninni og var skráð 23. desember 2003 (skjalnr. 03-9059 A). Kvartandi fór þess á leit að kvörtunin yrði tekin til meðferðar samtímis tilkynningu stjórnvalda um sölu eignarhlutarins.

⁽¹⁾ [Á ekki við í íslensku þýðingunni.]

⁽²⁾ „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir.

⁽³⁾ „Samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól“ í því sem hér fer á eftir.

⁽⁴⁾ Leiðbeiningar um beitingu og túlkun 61. og 62. gr. EES-samningsins og 1. gr. bóknar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól sem Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti og sendi frá sér 19. janúar 1994 og birtar voru í Stjtið. EB L 231 og EES-viðbæti nr. 32 hinn 3. september 1994. Leiðbeiningunum var breytt síðast 25. október 2006. „Leiðbeiningar um ríkisaðstoð“ í því sem hér fer á eftir.

⁽⁵⁾ Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 421/04/COL frá 20. desember 2004 um sölu íslenska ríkisins á eignarhlut sínum í Sementsverksmiðjunni, sem birtist í Stjtið. ESB C 117, 19.5.2005, bls. 17, og í EES-viðbæti við Stjtið. ESB nr. 24, 19.5.2005.

⁽⁶⁾ Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 367/06/COL frá 29. nóvember 2006 um yfirtöku íslenska ríkisins á lífeyrisskuldbindingum Sementsverksmiðjunnar (Stjtið. ESB C 77, 5.4.2007, bls. 21, og EES-viðbætur nr. 17, 5.4.2007, bls. 1).

Í kjölfar nokkurra bréfaskipta ⁽⁷⁾ tilkynnti Eftirlitsstofnun EFTA stjórnvöldum á Íslandi með bréfi dagsettu 21. desember 2004 að ákveðið hefði verið að hefja formlega rannsókn í samræmi við 2. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól að því er varðaði sölu íslenska ríkisins á eignarhlut sínum í Sementsverksmiðjunni hf. (skjalnr. 296878).

Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 421/04/COL um að hefja rannsókn var birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau ⁽⁸⁾. Eftirlitsstofnunin leitaði eftir athugasemdum hagsmunaaðila þaraðlútandi. Stjórnvöld á Íslandi lögðu fram athugasemdir við ákvörðunina í bréfi dagsettu 24. febrúar 2005 (skjalnr. 311243). Hinn 20. júní 2005 bárust Eftirlitsstofnun EFTA athugasemdir frá Íslensku sementi ehf., kaupanda Sementsverksmiðjunnar hf. (skjalnr. 323552). Loks bárust athugasemdir frá Aalborg Portland Íslandi ehf. hinn 2. september 2005 (skjalnr. 333018).

Eftirlitsstofnun EFTA bað óháðan sérfræðing, Erlend Kvaal, dósent við Handelshøyskolen BI í Ósló, að meta hvort sala á eignarhlut ríkisins í Sementsverksmiðjunni hf. hefði farið fram í samræmi við markaðsfjárfestaregluna. Á grundvelli frumrats þessa óháða sérfræðings á fyrirliggjandi upplýsingum um sölu seldi Eftirlitsstofnun EFTA stjórnvöldum á Íslandi beiðni um upplýsingar hinn 12. júlí 2005 (skjalnr. 326295). Stjórnvöld á Íslandi svöruðu með bréfi sendiráðs Íslands gagnvart Evrópusambandinu dagsettu 31. ágúst 2005, sem hafði að geyma bréf fjármálaráðuneytisins dagsett 30. sama mánaðar. Bréfið barst Eftirlitsstofnun EFTA og var skráð 1. september 2005 (skjalnr. 332274).

Í tengslum við yfirstandandi formlega rannsókn var stjórnvöldum á Íslandi send önnur beiðni um upplýsingar 28. október 2005 (skjalnr. 347691). Þeirri beiðni var fylgt eftir með fundi sem haldinn var í Brussel 23. nóvember 2005 með þátttöku fulltrúa Eftirlitsstofnunar EFTA, stjórnvalda á Íslandi, Sementsverksmiðjunnar hf. og eins þeirra fjárfesta sem eiga aðild að fyrirtækjahópnum sem keypti eignarhlut ríkisins. Fundinn sat einnig óháði sérfræðingurinn sem Eftirlitsstofnun EFTA hafði ráðið.

Með bréfi sendiráðs Íslands gagnvart Evrópusambandinu dagsettu 6. desember 2005, sem barst Eftirlitsstofnun EFTA og var skráð 7. sama mánaðar (skjalnr. 353483) og hafði að geyma bréf fjármálaráðuneytisins dagsett 2. desember 2005, voru veitt svör við ofangreindri beiðni um upplýsingar, svo og við ýmsum ófráegnum atriðum sem rædd höfðu verið á fundinum.

Hinn 31. janúar 2006 afhenti óháði sérfræðingurinn Eftirlitsstofnun EFTA lokaskýrslu sína um mat á því hvort sala á eignarhlut íslenska ríkisins í Sementsverksmiðjunni hf. hefði farið fram á markaðskjörum (skjalnr. 360438).

Eftirlitsstofnun EFTA seldi stjórnvöldum á Íslandi bréf dagsett 16. febrúar, 9. mars og 4. ágúst 2006 með beiðni um frekari upplýsingar og skýringar á atriðum sem enn voru óljós (skjalnr. 363213, 365145 og 383227). Stjórnvöld á Íslandi svöruðu með bréfum dagsettu 20. febrúar, 19. apríl og 25. september (skjalnr. 363608, 370425 og 390092).

Málið var rætt á árlegum þakkafundi um ríkisaðstoð sem var haldinn í Reykjavík 12. október 2006. Stjórnvöld á Íslandi fylgdu þeim viðræðum eftir með bréfi sem sent var Eftirlitsstofnun EFTA 2. nóvember 2006 (skjalnr. 396476).

Hinn 29. nóvember 2006 tók Eftirlitsstofnun EFTA ákvörðun 367/06/COL um að vikka þá formlegu rannsókn sem hófst með ákvörðun stofnunarinnar 421/04/COL. Rannsóknin er þannig látin taka til yfirtöku ríkisins á lífeyrisskuldbindingum Sementsverksmiðjunnar í tengslum við undirbúning að sölu fyrirtækisins. Með ákvörðuninni, sem hér er birt, fellir Eftirlitsstofnun EFTA niður formlega rannsókn á sölu eignarhlutar ríkisins í Sementsverksmiðjunni hf. til fjárfestahópsins Íslenskt sement ehf. fyrir 68 milljónir kr. Formlegri rannsókn verður haldið áfram á öðrum rannsóknaratriðum.

2. Lýsing á ráðstöfunum sem teknar eru til athugunar í þessari ákvörðun

Sementsverksmiðjan hf., sem var ríkisfyrirtæki, naut í reynd einokunar á markaði fyrir sement allt fram til þess að innflutningur á dönsku sementi hófst árið 2000. Svo virðist sem hin nýtilkomna samkeppni hafi leitt til fjárhagsörðugleika og taprekstrar hjá Sementsverksmiðjunni hf. Við þessar

⁽⁷⁾ Um nánari upplýsingar um bréfaskipti Eftirlitsstofnunar EFTA við stjórnvöld á Íslandi vísast til ákvörðunar stofnunarinnar um að hefja formlega rannsókn, ákvörðunar 421/04/COL, sem birtist í Stjtið. ESB C 117, 19.5.2005, bls. 17, og í EES-viðbæti við Stjtið. ESB nr. 24, 19.5.2005.

⁽⁸⁾ Sjá 5. neðanmálsgrein.

aðstæður ákvað ríkið árið 2003 að selja eignarhlut sinn í félaginu ⁽⁹⁾. Eftirfarandi er útdráttur úr tilkynningu ríkisins um sölu eignarhlutarins: „*Framkvæmdanefnd um einkavæðingu, f.h. iðnaðarráðherra, leitar eftir fjárfestum til að kaupa allan eignarhlut ríkisins í Sementsverksmiðjunni hf., alls að nafnverði 450.000.000 kr., í einu lagi til eins aðila eða eins hóps fjárfesta. Um er að ræða allt hlutfé í félaginu. Leitað er að fjárfesti sem hefur áhuga á að viðhalda rekstri fyrirtækisins, efla það og stuðla að virkri samkeppni á íslenskum byggingamarkaði.*“

Hinn 2. október 2003 undirritaði iðnaðarráðuneytið, fyrir hönd ríkisins, samning um hlutfjárkaupin við hluthafahópinn Íslenskt sement ehf. Á grundvelli þess samnings seldi ríkið, eigandi alls hlutfjár Sementsverksmiðjunnar hf., Íslensku sementi ehf. eignarhlut sinn fyrir 68 milljónir kr.

Samhliða þessu gerðu Sementsverksmiðjan hf. og ríkissjóður með sér annan samning. Samkvæmt honum keypti ríkið af Sementsverksmiðjunni hf. tiltekna fasteignir og fjáreignir, sem tengdust ekki sementsframleiðslu, fyrir 450 milljónir kr. Þessar tekjur voru nýttar til að greiða upp skuldir félagsins.

Í samræmi við ákvæði 4. gr. samnings ríkisins og Íslensks sements ehf. um kaup á eignarhlutum tók ríkið jafnframt við lífeyrisskuldbindingum sem hvíldu á Sementsverksmiðjunni hf. með samningi fjármálaráðuneytisins við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Ofangreindar eignir og skuldir voru með öðrum orðum skildar frá félaginu sem Íslenskt sement ehf. keypti.

Ákvörðunin, sem hér er birt, snýr að þessum viðskiptum, þ.e. sölu Sementsverksmiðjunnar hf. til Íslensks sements ehf. Sú formlega rannsókn, sem hófst með ákvörðun 421/04/COL og varðar aðrar ráðstafanir sem leitt hafa til meintrar ríkisaðstoðar í þágu Sementsverksmiðjunnar ehf., hefur verið víkkuð samkvæmt ákvörðun 367/06/COL þannig að hún taki til yfirtöku ríkisins á lífeyrisskuldbindingum félagsins, og verða þau atriði tekin fyrir í annarri ákvörðun.

3. Ástæður þess að stofnað var til formlegrar rannsóknar

Í ákvörðun 421/04/COL um að hefja formlega rannsókn tók Eftirlitsstofnun EFTA fram, að því er varðaði sölu ríkisins á öllum eignarhlut sínum í Sementsverksmiðjunni hf., að vafasamt væri að í þessu máli ættu við ákvæði kafla 18B í Leiðbeiningum um ríkisaðstoð um sölu stjórnvalda á lóðum og húseignum. Álit stofnunarinnar var á þá leið að ekki væri eingöngu um að ræða sölu ríkisins á lóðum og mannvirkjum heldur á hlutfé í fyrirtæki sem það ætti að fullu.

Jafnframt taldi stofnunin vafa leika á að viðskiptin hefðu átt sér stað í samræmi við markaðsfjárfestaregluna. Óljóst væri hvort ríkið hefði í samningunum horft til annarra þátta en arðseminnar af viðskiptunum og hvort söluverðið hefði þannig samsvarað markaðsvirði fyrirtækisins.

Með tilkynningu sinni lögðu stjórnvöld á Íslandi fram verðmat á Sementsverksmiðjunni hf., unnið af óháðum sérfræðingi, sem byggðist á upplausnarvirði félagsins. Í ákvörðuninni um að hefja formlega rannsókn lýsti Eftirlitsstofnun EFTA efasemdum um að rétt væri að líta svo á að verðmæti fyrirtækis í fullum rekstri samsvaraði upplausnarvirði þess, sem byggist á því að rekstri verði hætt. Rök stofnunarinnar voru þau að hafi markaðsvirði 100 % eignarhlutar ríkisins í Sementsverksmiðjunni hf. verið hærra en verðið sem Íslenskt sement ehf. greiddi, þ.e. 68 milljónir kr., hefði ríkið selt fyrirtækið undir markaðsvirði. Þannig hefði verið gengið á ríkisfjármuni, í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins, með því að ríkið yrði af tekjum, því að söluverðið hefði verið lægra en verðið sem einkafyrirtæki hefði fengið fyrir sömu eignir með því að standa að viðskiptunum á markaðsforsendum.

4. Athugasemdir stjórnvalda

Stjórnvöld á Íslandi lögðu með bréfi dagsettu 23. febrúar 2005 fram athugasemdir við ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA um að hefja formlega rannsókn á sölu á eignarhluta ríkisins í Sementsverksmiðjunni hf.

⁽⁹⁾ Bréf stjórnvalda á Íslandi dagsett 19. ágúst 2003, bls. 3.

Þar var lögð áhersla á að ein mikilvægasta ástæðan fyrir því skilyrði að sementsframleiðslu yrði haldið áfram hefði verið að auka verðmæti Sementsverksmiðjunnar hf. við sölu félagsins til þriðja aðila. Stjórnvöld á Íslandi tóku eftirfarandi fram: „*Hefði ekkert slíkt skilyrði verið sett hefði kostnaður við hreinsun lóðarinnar fallið til tafarlaust hjá kaupandanum. Með því að setja það skilyrði að sementsframleiðslu yrði haldið áfram var sá kostnaður geymdur. Þá ber að hafa í huga að samið var um skilyrðið við kaupendur og að í samningi um kaup eignarhlutarins var það tilgreint einfaldlega sem ásetningur kaupenda að halda rekstri Sementsverksmiðjunnar hf. áfram meðan hann væri hagkvæmur. Ríkið getur ekki skyldað kaupendurna til áframhaldandi rekstrar ef hann reynist ekki hagkvæmur. Ekki er unnt að líta á þetta sem rök fyrir því að ríkið hafi horft til annarra þátta en arðsemi.*“

Stjórnvöld á Íslandi lýsa þeirri skoðun, í samræmi við ákvæði leiðbeininga Eftirlitsstofnunar EFTA, að aðeins geti verið um ríkisaðstoð að ræða þegar engar hlutlægar ástæður eru til þess að ætla að fjárfesting skili fullnægjandi arðsemi sem væri viðunandi fyrir einkafjárfesti í sambærilegu einkafyrirtæki sem starfar við eðlilegar markaðsaðstæður.

Stjórnvöld á Íslandi tóku eftirfarandi fram: „*Með hliðsjón af því, sem hér hefur komið fram, verður því ekki haldið fram að ríkið hafi ekki haft nein hlutlæg rök fyrir því áliti að arðsemi af sölu Sementsverksmiðjunnar yrði ófullnægjandi. Ríkið gat þvert á móti vænst þess, í kjölfar samningaviðræðna við væntanlega kaupendur, að fá mun hærra verð fyrir félagið en sem næmi markaðsvirði. Niðurstaðan hlýtur því að verða sú að ríkið hafi ekki fengið lægri greiðslu en einkafjárfestir, sem staðið hefði að viðskiptunum á markaðsforsendum, hefði fengið fyrir sömu eignir. Ríkið stóð því að sölnunni í samræmi við markaðsfjárfestaregluna. Eftirlitsstofnun EFTA verður að sýna fram á að ríkið hafi ekki getað vænst fullnægjandi arðsemi. Með því að ekki hefur verið sýnt fram á þetta, og að ógerlegt er að sýna fram á það að áliti ríkisins, hlýtur niðurstaðan að verða sú að ríkið hafi staðið að sölnunni í samræmi við markaðsfjárfestaregluna.*“

Í tilkynningu stjórnvalda á Íslandi um viðskiptin kom fram að þau teldu að verðmæti fyrirtækisins samsvaraði upplausnarvirði þess. Áætlað hafði verið að upplausnarvirði Sementsverksmiðjunnar hf. væri neikvætt sem næmi 46,5 milljónum kr. að frátöldum kostnaði við að hreinsa verksmiðjuna af löðinni á Akranesi. Í ákvörðuninni um að hefja formlega rannsókn lýsti Eftirlitsstofnun EFTA efasemdum um að rétt væri að nota upplausnarvirði sem grundvöll mats á markaðsvirði fyrirtækis sem selt væri sem félag í fullum rekstri. Í athugasemdum sínum við ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA um að hefja formlega rannsókn visuðu stjórnvöld á Íslandi enn fremur til verðmats á grundvelli sjóðstreymis sem stofnuninni hefði verið afhent. Nánar tiltekið var markaðsvirði Sementsverksmiðjunnar hf. talið neikvætt sem nam 1,5 milljörðum kr. samkvæmt sjóðstreymismati sem var sent sem fylgiskjal með bréfi stjórnvalda á Íslandi frá 23. febrúar 2005. Það var álit stjórnvalda á Íslandi á grundvelli þessara talna að markaðsvirði Sementsverksmiðjunnar hf. sem félags í fullum rekstri væri mun lægra en upplausnarvirði fyrirtækisins.

Þá héldu stjórnvöld á Íslandi fram þeirri skoðun að þar eð markaðsvirði Sementsverksmiðjunnar hf. væri lægra en söluverðið, þ.e. 68 milljónir kr., hvort sem miðað væri við sjóðstreymismat eða upplausnarvirði, hefðu hvorki Sementsverksmiðjan hf. né Íslenskt sement ehf. notið efnahagslegs ávinnings í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

Stjórnvöld á Íslandi lýstu þeirri skoðun að við ákvörðun á því hvort ríkisaðstoð hefði verið veitt bæri Eftirlitsstofnun EFTA að meta heildarsöluverð fyrirtækisins að lokinni endursölu eigna, sem tengdust ekki sementsframleiðslu, til íslenska ríkisins: „*Þá er það álit ríkisins að verði það niðurstaða Eftirlitsstofnunar EFTA að rétt sé að leggja sjóðstreymismat til grundvallar við mat á söluverðinu [...] beri að nota sjóðstreymisaðferðina til verðmats á félaginu að lokinni sölu eignanna.*“

Stjórnvöld á Íslandi lögðu fram þær skýringar að ríkið hefði ekki viljað semja um söluverðið á grundvelli reiknaðs sjóðstreymis Sementsverksmiðjunnar hf.: „*Vegna uppsafnaðs taps félagsins frá þeim tíma sem útbodið átti sér stað var orðið ljóst að sala þess til kaupanda var háð endurskipulagningu félagsins. Ríkið yrði að kaupa af félaginu allar eignir sem tengdust ekki framleiðslu og rekstri í því skyni að lækka rekstrarkostnað og gera rekstur félagsins lífvænlegan.*“

Af þeim ástæðum, sem hér hafa verið raktar, var það álit stjórnvalda á Íslandi að engin ríkisaðstoð hefði verið veitt í tengslum við viðskiptin. Yrði niðurstaða Eftirlitsstofnunar EFTA engu að síður á þann veg að um ríkisaðstoð hefði verið að ræða var það álit þeirra að líta bæri á slíka ríkisaðstoð

sem réttlætanagera í samræmi við undanþáguákvæði staflíðar c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins, nánar tiltekið ákvæði 16. kafla Leiðbeininga um ríkisaðstoð, er fjallar um aðstoð til björgunar og endurskipulagningar.

Í bréfi dagsettu 2. nóvember 2006 fóru stjórnvöld á Íslandi þess á leit að Eftirlitsstofnun EFTA íhugaði þann kost að leggja formlega rannsókn á málinu ekki niður að fullu vegna þess að „líta ber til allra þátta viðskiptanna í heild til þess að öðlast heildarskilning á málinu.“

5. Umsagnir annarra

5.1 Athugasemdir frá Íslensku sementi ehf.

Íslenskt sement ehf. lagði fram í bréfi dagsettu 20. júní 2005 athugasemdir við ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 421/04/COL um að hefja formlega rannsókn á sölu eignarhlutar ríkisins í Sementsverksmiðjunni. Það var álit Íslensks sements ehf. að engin ríkisaðstoð hefði verið veitt í tengslum við ofangreinda sölu. Fyrirtækið tók eftirfarandi fram: „*Forráðamenn Íslensks sements eru þess fullvissir að markaðsfjárfestareglan hafi verið virt, einkum með hliðsjón af því að kaupverð Sementsverksmiðjunnar í umræddum viðskiptum var að minnsta kosti samsvarandi raunmarkaðsvirði félagsins, og jafnvel miklu herra.*“

Stjórnendur Íslensks sements ehf. voru þeirrar skoðunar að sjóðstreymismat, af því tagi sem venjulega væri notað við mat á sementsframleiðslufyrirtækjum, væri eina aðferðin sem sanngjarnt væri að beita við verðmat á félaginu. Þeir héldu því þó fram að íslenska ríkið hefði ekki viljað gera samning á þeim grundvelli þar eð þá hefði orðið að greiða með fyrirtækinu. Það var álit stjórnenda Íslensks sements ehf. að hefði sjóðstreymisaðferðin verið notuð hefði áætlað markaðsvirði orðið núll eða jafnvel neikvætt. Af þessari ástæðu töldu stjórnendur Íslensks sements ehf. að áætlað verðmæti samkvæmt aðferð, sem tæki mið af upplausnarvirði, samsvaraði hæsta mögulega markaðsvirði félagsins á þeim tíma sem kaupin fóru fram. Þá töldu stjórnendur fyrirtækisins að með því að áætla upplausnarvirðið 69,6 milljónir kr. væri ekki tekið tillit til útgjalda sem falla myndu til við upplausn fyrirtækisins og rekstrarlok, meðal annars vegna hreinsunar á lóð. Stjórnendur Íslensks sements ehf. héldu því fram að kaupverð eignarhlutarins í Sementsverksmiðjunni hf. hefði verið langtum herra en upplausnarvirði félagsins.

Stjórnendur Íslensks sements töldu að eignirnar, sem ríkissjóður keypti, hefðu ekki verið seldar sérstaklega heldur í tengslum við sölu eignarhlutarins sem óaðskiljanlegur hluti heildarkaupsamningsins. Niðurstaða þeirra var því á þessa leið: „*Við mat á því hvort veitt hafi verið ríkisaðstoð í tengslum við sölu Sementsverksmiðjunnar getur Eftirlitsstofnun EFTA ekki verðmetið sérstaklega hverja eign sem seld var. Þess í stað verður hún að líta til þess hvaða áhrif sala einstakraigna hefur á heildarverðmat félagsins á þeim tíma sem salan átti sér stað.*“

5.2 Athugasemdir frá Aalborg Portland Íslandi ehf.

Aalborg Portland Íslandi ehf. lagði fram í bréfi dagsettu 2. september 2005 athugasemdir við ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 421/04/COL um að hefja formlega rannsókn á sölu á eignarhluta ríkisins í Sementsverksmiðjunni hf. Fyrirtækið tók undir álitamál og viðhorf sem Eftirlitsstofnun EFTA hafði viðráð í ákvörðuninni, en vísaði einnig til yfirtöku ríkisins á lífeyrisskuldbindingum Sementsverksmiðjunnar hf., en ekki hafði verið fjallað um hana í ákvörðun stofnunarinnar.

II. MAT

1. Um ríkisaðstoð í tengslum við sölu á eignarhlut ríkisins í Sementsverksmiðjunni hf.

Samkvæmt upplýsingum frá stjórnvöldum á Íslandi seldi ríkið eignarhlut sinn í Sementsverksmiðjunni hf. fyrir 68 milljónir kr. í viðskiptum sem voru tengd kaupum ríkissjóðs á ýmsum eignum félagsins sem voru ekki nauðsynlegar rekstri þess. Þó að þessir tveir þættir viðskiptanna séu nátengdir, á þann hátt að eignirnar, sem Íslenskt sement ehf. keypti, voru framleiðsluhluti Sementsverksmiðjunnar hf., þ.e. að frátöldum eignum og eignarhlut sem tengdist ekki sementsframleiðslu, mun Eftirlitsstofnun EFTA í þessari ákvörðun meta sölu eignarhlutarins á eigin forsendum. Þetta er

vegna þess að hafi einhver notið ríkisaðstoðar við sölu á eignarhlut ríkisins í Sementsverksmiðjunni hf. er það Íslenskt sement ehf. Hafi einhver notið ríkisaðstoðar í tengslum við endurskipulagningu ríkisins á eignum og skuldum félagsins vegna sölu eignarhlutarins er það aftur á móti sementsframleiðandinn sjálfur, þ.e. Sementsverksmiðjan hf. Ríkið keypti ýmsar eignir síðarnefnda félagsins og yfirtók lífeyrisskuldbindingar þess.

61. gr. EES-samningsins hljóðar svo:

„Ef ekki er kveðið á um annað í samningi þessum er hvers kyns aðstoð, sem aðildarríki EB eða EFTA-ríki veitir eða veitt er af ríkisfjármunum og raskar eða er til þess fallin að raska samkeppni með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara, ósamrýmanleg framkvæmd samnings þessa að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila.“

Áður en kemur að mati á því hvort salan, sem hér er til umfjöllunar, hafi falið í sér ríkisaðstoð í skilningi 61. gr. EES-samningsins verður farið yfir röksemdir stjórnvalda á Íslandi til stuðnings því að útiloka megi að ríkisaðstoð hafi verið veitt með vísan til beitingar ákvæða kafla 18B í Leiðbeiningum um ríkisaðstoð, „Ríkisaðstoð í tengslum við sölu stjórnvalda á lóðum og húseignum“.

1.1. Ákvæði kafla 18B í Leiðbeiningum um ríkisaðstoð, „Ríkisaðstoð í tengslum við sölu stjórnvalda á lóðum og húseignum“

Í kafla 18B í Leiðbeiningum um ríkisaðstoð, „Ríkisaðstoð í tengslum við sölu stjórnvalda á lóðum og húseignum“ er að finna upplýsingar um túlkun og beitingu ákvæða EES-samningsins um ríkisaðstoð af hálfu Eftirlitsstofnunar EFTA í tengslum við mat á sölu stjórnvalda á lóðum og húseignum. Ef fylgt er málsmeðferð vegna sölu stjórnvalda á lóðum og húseignum, sem mælt er fyrir um í kafla 18B í leiðbeiningum Eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisaðstoð, er gengið út frá því að engin ríkisaðstoð hafi verið veitt í tengslum við söluna.

Þótt stjórnvöld á Íslandi hafi tilkynnt umsamda skilmála vegna sölu á eignarhlut ríkisins í Sementsverksmiðjunni hf. voru þau þeirrar skoðunar að salan hefði verið í samræmi við ákvæði kafla 18B í Leiðbeiningum um ríkisaðstoð um sölu á lóðum og húseignum. Álit þeirra var því að engin ríkisaðstoð hefði verið veitt í tengslum við viðskiptin.

Eins og þegar hefur verið tekið fram í ákvörðuninni um að hefja formlega rannsókn er það álit Eftirlitsstofnunar EFTA að ákvæði kafla 18B eigi ekki við í málinu sem hér er til umfjöllunar. Ríkið seldi ekki eingöngu lóðir og húseignir í sinni eigu heldur eignarhlut í fyrirtæki sem það átti að fullu og heldur áfram rekstri. Jafnvel þótt ákvæði kafla 18B ættu við háttar svo til að málsmeðferðinni, sem mælt er fyrir um til að útiloka að um ríkisaðstoð sé að ræða, var ekki fylgt.

Framkvæmd útboðsins, sem fór fram í þessu tilviki, var ekki í samræmi við skilgreininguna sem fram kemur í staflað b) í 1. mgr. undirkafla 18B.2.1. Í fyrsta lagi var útboðið ekki auglýst nægilega. Þá fór það eingöngu fram í þeim tilgangi að velja væntanlegan kaupanda en verðið réðst svo af samningum við þann kaupanda síðar. Þegar kemur að fráviksaðferðinni, þ.e. sölu á grundvelli mats af hálfu óháðs sérfræðings, var sérfræðifyrirtæki, MP-verðbréfum hf., falið í þessu tilviki að meta upplausnarvirði Sementsverksmiðjunnar hf. Fyrirtækið var engu að síður selt sem félag í fullum rekstri og var undirskilið að sementsframleiðslu yrði haldið áfram. Við þessar aðstæður er ekki unnt að gera ráð fyrir því, án ítarlegri skoðunar, að upplausnarvirðið hafi samsvarað markaðsvirði og þannig hafi ekki verið veitt ríkisaðstoð.

Nauðsynlegt virðist að slá því föstu hvor aðferðin er heppilegri til mats á markaðsvirði fyrirtækis við þessar aðstæður, og byggja matið á þeirri niðurstöðu. Hér fer á eftir ítarlegri greining á því hvert markaðsvirði fyrirtækisins gæti verið og hvort ríkisaðstoð hafi verið veitt í tengslum við sölu á eignarhlut í Sementsverksmiðjunni hf. til Íslensks sements ehf.

1.2. Mat á ríkisaðstoð í tengslum við sölu eignarhlutarins

Til þess að ráðstöfun teljist ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins verður hún að fullnægja öllum eftirtöldum skilyrðum:

- Aðstoðin verður að hafa í för með sér sértækan ávinning,
- hún verður að vera veitt af ríkisfjármunum,
- hún verður að raska eða vera til þess fallin að raska samkeppni
- og hún verður að hafa áhrif á viðskipti milli aðildarríkja EES-samningsins.

Sértækur ávinningur—markaðsvirði

Ráðstöfun, sem færir tilteknum þiggjendum ávinning og er ekki almenn ráðstöfun, fullnægir fyrsta skilyrðinu sem nefnt er hér á undan. Því er nauðsynlegt að komast að því hvort viðkomandi fyrirtæki hefur haft af ráðstöfuninni efnahagslegan ávinning sem það hefði ekki notið við venjuleg markaðsskilyrði⁽¹⁰⁾. Samkvæmt 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins er ekki gerður munur á afskiptum ríkisvaldsins með vísan til ástæðna eða markmiða, heldur eru þau skilgreind með vísan til afleiðinga⁽¹¹⁾. Af þessu leiðir að notuð er hlutlæg skilgreining á hugtakinu aðstoð og viðmiðið er hvort ráðstöfun á vegum ríkisins ívilnar einu eða fleiri tilteknum fyrirtækjum⁽¹²⁾.

Kaup á eignum undir markaðsvirði felur að jafnaði í sér ávinning. Þetta þýðir að hafi verið, sem Íslenskt sement ehf. greiddi fyrir Sementsverksmiðjuna hf., samsvarað markaðsvirði fyrirtækisins hafði fyrrnefnda félagið ekki ávinning af viðskiptunum.

Í því skyni að ákvarða hvort Íslenskt sement ehf. hafi greitt lægra verð fyrir eignarhlut ríkisins en sem nam markaðsvirði fékk Eftirlitsstofnun EFTA óháðan sérfræðing til að meta markaðsvirði Sementsverksmiðjunnar hf. um það leyti sem salan átti sér stað. Sérfræðingurinn áætlaði markaðsvirði félagsins að öllum viðskiptunum frágengnum, þannig að tekið var mið af fyrirtækinu sem hélt áfram rekstri. Þetta merkir að sérfræðingurinn áætlaði hvert markaðsvirði Sementsverksmiðjunnar hf. hefði verið eftir að ríkissjóður hafði leyst til sín þær eignir félagsins sem voru ekki nauðsynlegar til sementsframleiðslu⁽¹³⁾ og fjármálaráðuneytið hafði tekið við lifeyrisskuldbindingum félagsins. Með öðrum orðum mat sérfræðingurinn markaðsvirði þess sem Íslenskt sement keypti í raun, þ.e. eignarhlut í félagi sem hafði verið minnkað verulega með sölu eigna.

Að áliti þessa óháða sérfræðings er aðeins um eina aðferð að ræða sem getur gefið hugmynd um eðlilegt verð fyrir fyrirtæki í viðskiptum á borð við sölu á eignarhlut ríkisins í Sementsverksmiðjunni hf., en það er aðferðin sem byggist á núvirtu áætluðu framtíðarsjóðstreymi (virði fyrirtækisins í rekstri)⁽¹⁴⁾. Hreint núvirði áætlaðs sjóðstreymis vegna framtíðarnotkunar fastafjármunar svarar til útreikninga fjárfestis á niðurstöðu verkefnis sem hann ihugar að ráðast í. Áætlanir um sjóðstreymi geta því verið breytilegar eftir áformum hvers einstaks fjárfestis. Það var því álit sérfræðingsins að besta nálgunin væri að tilgreina efri og neðri mörk fyrir hugsanlegar niðurstöður að því er varðaði virði fyrirtækisins í rekstri. Stjórnvöld á Íslandi voru beðin að leggja fram upplýsingar og útreikninga sem nauðsynlegir voru til að ákvarða slík mörk⁽¹⁵⁾ til þess að öðlast hugmynd um eðlilegt verð fyrir kjarnastarfsemi fyrirtækisins, það er sementsframleiðslu. Eftir að virði fyrirtækisins í rekstri hafði verið ákvarðað taldist hver sú eign, sem tengdist ekki kjarnastarfseminni (til að mynda hvers kyns fjármunaeign), samsvara viðbót við virðið, og allar skuldbindingar (til að mynda skuldir og aðrar fjárskuldbindingar) samsvara frádrætti.

Sjóðstreymisspár stjórnvalda á Íslandi

Á grundvelli þessara atriða, og að ósk óháða sérfræðingsins, voru stjórnvöld á Íslandi beðin að leggja fram tvær mismunandi spár, Spá I, sem byggðist á þeirri forsendu að sementsinnflutningur til Íslands næmi 30% af heildarmarkaðnum, og Spá II, sem byggðist á þeirri forsendu að ekkert sement væri flutt inn. Samkvæmt Spá I (svonefndri svartsýnisspá) var áætlað hreint núvirði framtíðarsjóðstreymis neikvætt sem nam um einum milljarði kr., og samkvæmt Spá II (svonefndri bjartsýnisspá) var áætlað

⁽¹⁰⁾ Mál C-39/94 *Syndicat français de l'Express international (SFEI) o.fl. gegn La Poste o.fl.* [1996] ECR I- 3547, 60. mgr., mál C-256/97 *DM Transport* [1999] ECR I-3913, 22. mgr., mál CT-116/01 og T-118/01 *P&O Ferries* gegn *frankvæmdastjórn EB* [2003] ECR, 112. mgr.

⁽¹¹⁾ Mál C-56/93 *Belgia* gegn *frankvæmdastjórn EB* [1996] ECR I-723, 79. mgr., og mál C-241/94 *Frakkland* gegn *frankvæmdastjórn EB* [1996] ECR I-4551, 19. og 20. mgr.

⁽¹²⁾ Mál T-67/94 *Ladbroke Racing* gegn *frankvæmdastjórn EB* [1998] ECR II-1, 52. mgr., og mál T-46/97 *SIC* gegn *frankvæmdastjórn EB* [2000] ECR II-2125, 83. mgr.

⁽¹³⁾ Þetta var gert í samræmi við ákvæði í samningnum sem ríkisstjórnin og Íslenskt sement ehf. gerðu með sér um hlutafjárkaupin og framkvæmdin réðst af ákvæðum í kaupsamningi milli Sementsverksmiðjunnar hf. og ríkissjóðs.

⁽¹⁴⁾ Skýrsla sérfræðingsins, bls. 2.

⁽¹⁵⁾ Bréf Eftirlitsstofnunar EFTA dagsett 12. júlí 2005.

hreint núvirði framtíðarsjóðstreymi um 200 milljónir kr. Eftir leiðréttingu á þessum tölum um hreint núvirði, sem var í því fölginn að draga frá langtímaskuldir og bæta við hreinum veltufjármunum umfram þarfir fyrirtækisins, komust stjórnvöld á Íslandi að þeirri niðurstöðu að áætlað verðmæti fyrirtækisins væri –897 milljónir kr. samkvæmt Spá I og 307 milljónir kr. samkvæmt Spá II. Nýting framleiðslugetu réð mestu um þennan mun á niðurstöðunum. Breytilegur framleiðslukostnaður á hvert tonn var áætlaður 5 749 kr. Þau ár sem framleiðslugeta (130 000 tonn) væri fullnýtt, en 7 479 kr. þau ár sem framleiðslugeta væri nýtt að mjög litlu leyti (70 000 tonn). Þannig var gert ráð fyrir tvenns konar stærðarhagkvæmnisáhrifum í útreikningunum, því að með aukinni framleiðslu lækkar bæði breytilegur kostnaður og, samkvæmt eðli málsins, fastur kostnaður á hvert tonn ⁽¹⁶⁾.

Í bréfi sem fylgdi útreikningunum færðu stjórnvöld á Íslandi rök fyrir því að bjartsýnisspáin væri óraunsæ þar eð ekki væri gert ráð fyrir neinni samkeppni á sementsmarkaði á Íslandi. Með hliðsjón af fjárfestingum danska keppinautarins Aalborg Portland í aðstöðu á Íslandi var talið ólíklegt að samkeppni yrði úr sögunni á sementsmarkaði í landinu. Ekkert var sagt um það hversu raunsæ svartsýnisspáin væri.

Sérfræðingurinn gagnrýndi að notaðir hefðu verið háir afreiknivextir (að meðtöldu áhættugjaldi) í dæmunum sem stjórnvöld á Íslandi lögðu fram. Ef notaðir eru háir afreiknivextir getur það leitt til vanmats á skuldbindingum sem neikvætt sjóðstreymi myndi leiða til og að horfur fyrirtækisins séu þannig fegraðar um of. Þrátt fyrir þessa gagnrýni hefur verið farin sú leið, til þess að gæta samkvæmni, að nota 12,4% raunafreiknivexti samkvæmt tillögu stjórnvalda á Íslandi í allri greiningu á framlögðum spám.

Breytt framsetning svartsýnisspárinnar

Í Spá I var fyrirtæki látið bera látlaust tap um þrjátíu ára skeið, en það virðist fullkomlega óraunsætt. Með það í huga að ætlun óháða sérfræðingsins með svartsýnisspánni var að setja neðri mörk fyrir hugsanlegar niðurstöður var Spá I, sem stjórnvöld á Íslandi lögðu fram, augljóslega óraunhæf ⁽¹⁷⁾. Allar skynsamlegar fjárfestingarákvarðanir byggjast á væntingum um hagnað. Því vaknar sú spurning hvernig skynsamur fjárfestir brygðist við ef væntingar um hagnað ganga ekki eftir. Algeng viðbrögð í slíkum tilvikum væru að ná niður tapinu með hliðsjón af breyttum væntingum.

Í samræmi við þetta breytti óháði sérfræðingurinn framsetningu svartsýnisspárinnar á þann veg að gert var ráð fyrir fimm ára tímabili með lítilli nýtingu framleiðslugetu (82 000 tonnum á ári, sem jafngildir meðaltali nýtingarinnar í Spá I), lágu söluverði til jafns við verðið sem fékkst árið 2003 (7 071 kr. á tonn) og að félagið yrði leyst upp eftir fimm ára rekstrartíma. Jafnframt var gert ráð fyrir því að eigendurnir tækju á sig allt neikvætt sjóðstreymi. Sérfræðingurinn taldi að þetta væri raunhæf nálgun í svartsýnisspánni þar eð sérhver skynsamleg ákvörðun um fjárfestingu yrði reist á væntingum um hagnað og á því að unnt væri að bregðast við ef þær væntingar gengju ekki eftir.

Svartsýnisspá, sem gerir ráð fyrir að sementsframleiðsla sé lögð niður að fimm árum liðnum, hefði einnig í för með sér að hreinsa þyrfti framleiðslustaðinn tafarlaust í kjölfarið. Í leigusamningnum, sem Sementsverksmiðjan hf. gerði við Akranesbæ í júlí 2003, kemur eftirfarandi fram: „*falli sementsframleiðsla niður í 24 mánuði samfleytt ber Íslensku sementi ehf. að láta rífa efnisgeymslurnar á sinn kostnað*“ ⁽¹⁸⁾. Á grundvelli upplýsinga frá stjórnvöldum á Íslandi hafði kostnaður við hreinsun framleiðslustaðarins verið áætlaður 460 milljónir kr., að líkindum á ríkjandi verðlagi ⁽¹⁹⁾.

Á þessum grundvelli var svartsýnisspáin útfærð með því að áætla niðurstöðu af fimm ára framleiðslu með litlum afköstum og óbreyttu sementsverði frá árinu 2003. Hreint núvirði sjóðstreymis í tengslum við framleiðsluna var leiðrétt að teknu tilliti til eigna og skulda sem tengdust ekki framleiðslunni á kaupdegi. Bætt var við hreinum áhrifum af notum fastafjármunanna í öðrum tilgangi (svo sem til sementsinnflutnings) og kostnaði við hreinsun.

Samkvæmt breyttri framsetningu óháða sérfræðingsins leiddi spá um sjóðstreymi samkvæmt þessum forsendum til neikvæðs sjóðstreymis vegna rekstrarins sem nam 144 milljónum kr. á ári um fimm ára

⁽¹⁶⁾ Skýrsla sérfræðingsins, bls. 8.

⁽¹⁷⁾ Skýrsla sérfræðingsins, bls. 8.

⁽¹⁸⁾ Leigusamningur milli Akranesbæjar og Sementsverksmiðjunnar hf. frá 2. október 2003.

⁽¹⁹⁾ Skýrsla sérfræðingsins, bls. 9.

skeið, og hreins núvirðis sem nam 360 milljóna kr. neikvæðri stöðu á sjötta ári. Núvirt gildi þessa sjóðstreymis var áætlað –690 milljónir kr., og að lokinni leiðréttingu vegna liða á efnahagsreikningi sem tengdust ekki framleiðslunni var verðmæti fjárfestingarinnar ákvarðað –332 milljónir kr.

Breytt framsetning bjartsýnisspárinnar

Tilgangurinn með bjartsýnisspánni var að setja efri mörk fyrir hugsanlegar niðurstöður. Grundvallaratriði í bjartsýnisspánni var að reksturinn ætti að ná jafnvægi eftir fimm ár. Upphafsforsendur byggðust á fyrsta rekstrarári eftir einkavæðingu með ætlaðri 100 000 tonna framleiðslu, 7 489 kr. sementsverði, breytilegum kostnaði samkvæmt kostnaðaráætlun (6 381 kr. á tonn) og almennum útgjöldum samkvæmt Spá I (127 milljónir króna). Ætluð árleg lausafjárhrif endurfjárfestinga voru 40 milljónir kr., og gætu þau hæglega vegið að fullu upp afskriftir. Að þessum forsendum gefnum var niðurstaða útreiknings á hreinu sjóðstreymi á fyrsta ári –38 milljónir. Eftir það átti hreint sjóðstreymi smám saman að minnka á fimm árum þar til það næði núlli á sjötta ári.

Hreint núvirði sjóðstreymis fyrstu fimm rekstrarárin var áætlað –59 milljónir. Að því gefnu að rekstrarhagnaður yrði nálægt núlli eftir það var núvirði rekstrarins eftirfylgjandi ár ákveðið núll. Í þessari spá gerði sérfræðingurinn ráð fyrir að eðlilegt væri að yfirfæranlegt skattalegt tap ⁽²⁰⁾ yrði ekki nýtt fyrstu árin. Rekstrarniðurstaðan var leiðrétt með liðum í efnahagsreikningi sem tengdust ekki framleiðslunni (rétt eins og gert var í svartsýnisspánni) þannig að hreint núvirði varð 300 milljónir kr. Sérfræðingurinn notaði 12.4 % afreiknivexti eins og í svartsýnisspánni. Hann benti á að þessir vextir endurspegluðu aðeins eiginfjáarkostnað (fyrir skatta), en fjárfestingarverkefnið yrði samkvæmt þessari spá fjármagnað að miklu leyti með lánnum og því yrði heildararðsemiskrafan lægri. Lægri afreiknivextir myndu leiða til lakari niðurstöðu þar eð sjóðstreymið er neikvætt í öllum tilvikum. Aftur á móti benti hann á að mikilvægt væri að gæta samkvæmni og nota sömu vexti í öllum spánum.

Samantekt

Með hliðsjón af mismunandi verðmæti samkvæmt ofangreindu var það skoðun óháða sérfræðingsins að rétt væri að ákvarða efri og neðri mörk á áætlað sannvirði samkvæmt núvirtu framtíðarsjóðstreymi. Neðri mörkin væru þá tengd svartsýnisspánni sem gerði ráð fyrir að sementsframleiðslu yrði hætt eftir nokkurra ára rekstur þar eð eigendurnir hefðu á því tímabili sannfærst um að reksturinn myndi ekki skila hagnaði. Auk rýrnunar eiginfjár á þessum taprekstartíma yrði félagið að taka á sig kostnað við hreinsun lóðar eftir að framleiðslu lyki ⁽²¹⁾. Jákvæð hlið þessarar spár var upphaflegar birgðir og fjármunastaða sem gæfu af sér tekjur við sölu, auk nýtingar ýmissa fastafjármuna í öðru skyni en til sementsframleiðslu. Á grundvelli sjóðstreymismats var lægsta markaðsvirði Sementsverksmiðjunnar hf. þannig metið –322 milljónir kr.

Efri mörkin áttu að ráðast af bjartsýnisspánni, en samkvæmt henni var gert ráð fyrir að hagkvæmni sementsframleiðslunnar ykist stig af stigi þannig að tap snerist í hagnað að nokkrum árum liðnum. Rétt eins og í svartsýnisspánni var gert ráð fyrir tapi fyrstu árin þannig að eiginfé félagsins rýrnaði, þótt í minna mæli væri. Talið var að hreint núvirði rekstrarins eftir að jafnvægi væri náð yrði að öllum líkindum óverulegt, og af þeim sökum var því sleppt við útreikninginn. Í þessari spá var sömuleiðis gert ráð fyrir tekjum af upphaflegum birgðum og fjármunastöðu. Á grundvelli sjóðstreymismats var hæsta markaðsvirði Sementsverksmiðjunnar hf. þannig metið 300 milljónir kr.

Útreikningar á sjóðstreymi bentu því til sannvirðis á bili sem var nokkurn veginn samhverft um núll þannig að skynsamlegar líkur væru á niðurstöðu á bilinu ± 300 milljónir kr.

Sérstakir hagsmunir

Í vissum tilvikum getur háttáð svo til að verðgildi umsaminna viðskipta sé annað en verðgildi sem ráða má af athugun eða tilgátum vegna þess að annar aðilinn að viðskiptunum eigi sérstakra hagsmuna að gæta af þeim. Að áliti sérfræðingsins lituðust kaup Íslensks sements ehf. á eignarhlut ríkisins í Sementsverksmiðjunni hf. greinilega af sérstökum hagsmunum sem kynnu að hafa haft áhrif á umsamið verð.

⁽²⁰⁾ Heimilt er að byggja á skattalegu tapi tiltekins árs til að endurgreiða skatt sem greiddur hefur verið nokkur undangengin ár eða til að lækka skatta sem koma til álagningar nokkur næstu ár á eftir.

⁽²¹⁾ Eins og nefnt er hér á undan breyttist rétt og slétt siðferðileg skylda ríkisins að hreinsa framleiðslustaðinn á Akranesi í lagalega skyldu Sementsverksmiðjunnar hf. við undirritun samnings fyrirtækisins við Akranesbæ um leigu á lóðinni á Akranesi.

Íslenskt sement ehf. var stofnað í því skyni að kaupa eignarhlut ríkisins í Sementsverksmiðjunni hf. og stóðu að því þrjú fyrirtæk, BM Vallá, Björgun og Norcem. BM Vallá er umsvifamikil byggingafyrirtæki á Íslandi og stórkaupandi á sementi. Samkvæmt því, sem fram kom á fundi fulltrúa Eftirlitsstofnunar EFTA, óháða sérfræðingsins og fulltrúa stjórnvalda á Íslandi með forsvarsmönnum Íslensks sements, átti BM Vallá tvennra langtímahagsmuna að gæta af því að eignast sementsverksmiðju á Íslandi. Annars vegar hafði fyrirtækið hagsmuni af því að tryggja að framboð á sementi á íslenskum markaði væri ekki í höndum eins seljanda. Hins vegar vildi fyrirtækið halda þróunarstarfsemi og þekkingu í landinu til framtíðarhagsbóta fyrir byggingariðnaðinn, með sérstakri hliðsjón af tæknilegum sérkennum sementsmarkaðar á Íslandi.

Björgun selur Sementsverksmiðjunni hf. skeljasand. Væri sementsframleiðslu hætt í landinu hyrfi þar með allur markaður fyrir vörur Björgunar.

Norcem er norskur sementsframleiðandi í eigu þýsku samsteypunnar Heidelberg Zement. Norcem kann að hafa bæði langtímahagsmuni og samkeppnishagsmuni af því að styrkja stöðu sína á íslenskum markaði.

Með hliðsjón af sérstökum aðstæðum kaupendahópsins í þessu tilviki taldi óháði sérfræðingurinn að umsamið kaupverð hefði ráðist að nokkru af sérstökum hagsmunum.

Af þessum ástæðum komst sérfræðingurinn að eftirfarandi niðurstöðu: ⁽²²⁾ „þótt telja megi að umsamið verð að fjárhæð 68 milljóna kr. sé í hærra lagi kunna aðstæður eigendanna að vera með þeim hætti að það auki líkurnar á því að þeir nái fjárfestingarkostnaðinum til baka“.

Eftirlitsstofnun EFTA hefur metið málsatvik og tölur sem stjórnvöld á Íslandi hafa lagt fram og farið vandlega yfir mat óháða sérfræðingsins og skýrsluna sem hann tók saman. Stofnunin telur að greining sérfræðingsins feli í sér sanngjarna aðferð til verðmats á Sementsverksmiðjunni hf. Eins og bent var á þegar í ákvörðuninni um að hefja formlega rannsókn (ákvörðun 421/04/COL) er ekki unnt að gera ráð fyrir að þegar um ræðir fyrirtæki, sem ætlað er að halda áfram rekstri, geti upplausnarvirðið svarað til markaðsvirðis. Í samræmi við skoðun sérfræðingsins er það álit Eftirlitsstofnunar EFTA að viðeigandi sé að nota greiningu á núvirtu sjóðstreymi sem aðferð við útreikning á verðmæti fyrirtækis af því tagi sem hér um ræðir. Engu að síður má telja augljóst að umtalsverð óvissa sé um verðmat félagsins um það leyti sem viðskiptin fóru fram. Það er því álit stofnunarinnar að við verðmat á fyrirtækinu sé eðlilegt, eins og sérfræðingurinn gerði, að rýna í mismunandi spár til þess að ákvarða verðbil sem réttlætalegt getur verið að telja að verðmætið liggi á. Söluverð eignarhlutar ríkisins í Sementsverksmiðjunni hf. var á verðbilinu sem þannig var ákvarðað og meira að segja hærra en sem nam miðgildinu núll eða þar um bil.

Jafnframt höfðu stjórnvöld á Íslandi komist að þeirri niðurstöðu að upplausnarvirði fyrirtækisins væri 69,6 milljónir kr. Í samningi Akranesbæjar við Sementsverksmiðjuna hf. frá 31. júlí 2003 kemur eftirfarandi fram: „falli sementsframleiðsla niður í 24 mánuði samfleytt ber Íslensku sementi ehf. að láta rífa efnageymslurnar á sinn kostnað“. Upplausnarvirði Sementsverksmiðjunnar hf. var þannig lægra en 69,6 milljónir kr. þar eð taka yrði tillit til kostnaðar við að láta rífa efnisgeymslurnar samkvæmt ofanefndum samningi ⁽²³⁾. Verðið, sem Íslenskt sement ehf. greiddi fyrir eignarhlut ríkisins í Sementsverksmiðjunni hf. var því hærra en upplausnarvirði fyrirtækisins.

2. Niðurstaða

Með hliðsjón af því, sem hér hefur verið rakið, getur Eftirlitsstofnun EFTA ekki dregið þá ályktun að fyrirtækið hafi verið selt undir markaðsvirði. Niðurstaða stofnunarinnar getur því ekki orðið sú að Íslenskt sement ehf., þ.e. fyrirtækið sem stofnað var af hópi fjárfesta til að kaupa eignarhlut ríkisins í Sementsverksmiðjunni hf., hafi notið efnahagslegs ávinnings í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

⁽²²⁾ Skýrsla sérfræðingsins, bls. 13.

⁽²³⁾ Samkvæmt mati MP-verðbréfa á upplausnarvirðinu frá mars 2003 var kostnaður við niðurrif og hreinsun verksmiðjunnar (bygginga og véla) talinn 460 milljónir kr. Jafnvel þótt sú tala reynist ekki fullkomlega rétt gefur hún til kynna að Sementsverksmiðjan búi við kvöld sem geti orkað til verulegrar lækkunar á áætluðu upplausnarvirði.

Samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins verður ráðstöfun að fullnægja fjórum skilyrðum til þess að hún geti talist ríkisaðstoð. Undangengið mat gefur Eftirlitsstofnun EFTA enga ástæðu til að líta til hinna skilyrðanna þriggja sem nefnd eru hér á undan og sett eru fyrir því að ráðstöfun geti talist ríkisaðstoð. Með því að Íslenskt sement ehf. hefur ekki notið neins ávinnings er það álit Eftirlitsstofnunar EFTA að sala á eignarhlut ríkisins í Sementsverksmiðjunni hf. til fjárfestahópsins Íslenskt sement ehf. hafi ekki falið í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

Samþykkt þessarar ákvörðunar um að hætta rannsókn á sölu á eignarhlut ríkisins til Íslensks sements ehf. fyrir 68 milljónir kr., en hún er þáttur í formlegri rannsókn sem hófst samkvæmt ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 421/04/COL og var framlengd samkvæmt ákvörðun 367/06/COL, er með fyrirvara um niðurstöðu annarra þátta rannsóknarinnar.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Það er álit Eftirlitsstofnunar EFTA að sala á eignarhlut íslenska ríkisins í Sementsverksmiðjunni hf. til Íslensks sements ehf. fyrir 68 milljónir kr. hafi ekki falið í sér ríkisaðstoð í skilningi 61. mgr. 68. gr. EES-samningsins.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til Íslands.

3. gr.

Fullgild er aðeins ensk útgáfa þessarar ákvörðunar.

Gjört í Brussel 29. nóvember 2006.

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

Björn T. Grydeland

Forseti

Kristján A. Stefánsson

Stjórnarmaður

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2009/EES/23/02

(Mál COMP/M.5380 – Air France-KLM/Royal Air Maroc/JV)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 8. apríl 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem franska fyrirtækið Groupe Air France KLM („Air France“) og marokkóska fyrirtækið Groupe Royal Air Maroc („RAM) öðlast með hluta-fjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi staflaðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í marokkóska fyrirtækinu Aerotechnic Industries S.A. sem hingað til hefur lotið yfirráðum hins marokkóska Compagnie Royal Air Maroc og verður nú breytt í sameiginlegt fyrirtæki.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Air France: farþega- og fraktflug, viðhald og viðgerðir á loftförum
 - RAM: farþega- og fraktflug, viðhald og viðgerðir á loftförum
 - Aerotechnic Industries S.A.: viðhald og viðgerðir á loftförum
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna sam-fylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birt-ist í Stjtið. ESB (C 103, 5. maí 2009). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5380 – Air France-KLM/Royal Air Maroc/JV, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5496 – Vattenfall/Nuon)

2009/EES/23/03

1. Framkvæmdastjórninni barst 28. apríl 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem sænska fyrirtækið Vattenfall AB, sem er að fullu í eigu sænska ríkisins, öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrirnefndrar reglugerðar, í hollenska fyrirtækinu n.v. Nuon Energy (áður n.v. Nuon PBL Holding), sem lýtur nú yfirráðum sveitarstjórna og héraðsstjórna í Hollandi.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Vattenfall AB: margvísleg starfsemi á sviði raforku í ýmsum Evrópulöndum; jafnframt lítillsháttar starfsemi á sviði gass
 - N.V. Nuon Energy: margvísleg starfsemi á sviði orku, m.a. framleiðsla og sala á raforku, gasi, húshitun og loftkælingu, aðallega í Hollandi en jafnframt í Belgíu og að litlu leyti í Þýskalandi
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 104, 6. maí 2009). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5496 – Vattenfall/Nuon, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**2009/EES/23/04****(Mál COMP/M.5507 – Q-Cells/Good Energies/NorSun/Sunfilm)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 27. apríl 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýska fyrirtækið Q-Cells SE, hollenska fyrirtækið Good Energies Investments 2 B.V. („Good Energies“), sem lýtur yfirráðum hins svissneska COFRA Holding AG, og norska fyrirtækið NorSun AS öðlast með hlutafjár- og eignakaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í þýska fyrirtækinu Sunfilm AG.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Q-Cells SE: framleiðsla og sala á sólarhlöðum, sólarhlaðeiningum og heilum sólarorkukerfum
 - Good Energies: fjárfestingar í fyrirtækjum sem framleiða orku úr endurnýjanlegum orkugjöfum, einkum þeim sem nýta sólar- og vindorku
 - NorSun AS: framleiðsla og sala á einkristalla kísilflögum sem eru notaðar í sólarhlöð og sólarhlaðeiningar
 - Sunfilm AG: framleiðsla og sala á sólarhlaðeiningum sem byggjast á samtengdum þunnfilmukísilflögum á gleri
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 104, 6. maí 2009). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5507 – Q-Cells/Good Energies/NorSun/Sunfilm, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Ríkisaðstoð – Holland**2009/EES/23/05****Málsnúmer C 5/09 (áður N 210/08)****Undanþága frá greiðslu umhverfisskatta sem veitt er framleiðendum leirvöru í Hollandi****Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans**

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans í tengslum við ofangreinda ríkisaðstoð, sjá [Stjtið. ESB C 96, 25.4.2009, bls. 16.](#)

Framkvæmdastjórnin birtir þessa auglýsingu til þess að gefa EES-ríkjunum og öðrum áhugaaðilum færi á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdafrestur er einn mánuður frá því að auglýsingin birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og skal senda athugasemdirnar til:

European Commission
Directorate-General for Competition
State Aid Registry
1049 Bruxelles/Brussel
BELGIQUE/BELGIË
Bréfasími +32-22 96 12 42

Athugasemdunum verður komið á framfæri við stjórnvöld í Hollandi. Þeim, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska nafnleyndar og skulu slíkar óskir vera skriflegar og rökstuddar.

Ríkisaðstoð – Frakkland**2009/EES/23/06****Málsnúmer C 17/07 (áður NN 19/07)****Stýring raforkuverðs í Frakklandi – Lengri gildistími****Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans**

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans í tengslum við ofangreinda ríkisaðstoð, sjá [Stjtið. ESB C 96, 25.4.2009, bls. 18.](#)

Framkvæmdastjórnin birtir þessa auglýsingu til þess að gefa EES-ríkjunum og öðrum áhugaaðilum færi á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdafrestur er einn mánuður frá því að auglýsingin birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og skal senda athugasemdirnar til:

European Commission
Directorate-General for Competition
State Aid Registry
SPA 3 6/5
1049 Bruxelles/Brussel
BELGIQUE/BELGIË
Bréfasími +32-22 96 12 42

Athugasemdunum verður komið á framfæri við stjórnvöld í Frakklandi. Þeim, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska nafnleyndar og skulu slíkar óskir vera skriflegar og rökstuddar.

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 4. mgr. 16. gr. reglugerðar 2009/EES/23/07
Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flug-
rekstur í bandalaginu**

Almannaþjónustukvaðir í tengslum við áætlunarflug

Aðildarríki	Spánn
Flugleiðir	Almería–Sevilla
Gildistökudagur almannaðjónustukvaða	Dagurinn sem auglýsing þessi birtist í <i>Stjórnartíðindum Evrópusambandsins</i> (29.4.2009)
Textinn er afhentur endurgjaldslaust, ásamt hvers kyns viðkomandi upplýsingum og/eða skjölum sem varða almannaðjónustukvaðirnar, eftir beiðni sem senda ber:	Dirección General de Aviación Civil Subdirección General de Transporte Aéreo Area de Explotación Sími 915977505 Bréfasími 915978643 Netfang: mmederos@fomento.es

Orðsending stjórnvalda í Frakklandi með vísan til tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni ⁽¹⁾

(Tilkynning um umsókn um sérleyfi til að leita að fljótandi og loftkenndu kolvetni sem kennt er við „Chevry“)

Fyrirtækið Poros SAS, skráð að 145, rue Michel Carré, F-95100 Argenteuil, hefur með umsókn frá 12. desember 2008 farið fram á sérleyfi til fimm ára, sem kennt er við „Chevry“, til að leita að fljótandi og loftkenndu kolvetni á svæði sem er hér um bil 395 km² og liggur í sýslunum Seine-Saint-Denis, Val de Marne og Essonne.

Svæðið, sem leyfið tekur til, markast af lengdarbaugum og breiddarbaugum sem tengja hornpunktana sem skilgreindir eru með hnitum í nýgráðum hér fyrir neðan. Talið er frá núlllengdarbaugi sem liggur í gegnum París.

Hornpunktur	Lengd	Breidd
A	0,20 gr A	54,40 gr N
B	0,40 gr A	54,40 gr N
C	0,40 gr A	54,10 gr N
D	0,20 gr A	54,10 gr N

Tilhögun umsókna og skilyrði fyrir úthlutun leyfa

Upphaflegir umsækjendur og aðrir, sem keppa um leyfið, skulu færa sönnur á að þeir fullnægi kröfum samkvæmt 4. og 5. gr. tilskipunar 2006-648 frá 2. júní 2006 um námaréttindi og réttindi til geymslu efna í jörð (*Journal officiel de la République française*, 3. júní 2006).

Fyrirtækjum, sem þess kynnu að óska, er heimilt að keppa um sérleyfið með umsókn sem leggja ber fram áður en 90 dagar eru liðnir frá því að auglýsing þessi birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* (C 96, 25.4.2009, bls. 35), í samræmi við málsmeðferðina sem lýst er í tilkynningu um úthlutun námaréttinda fyrir kolvetni í Frakklandi er birt var í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* C 374 hinn

⁽¹⁾ Stjórnartíð. EB, 30.6.1994, bls. 3.

30. desember 1994, bls. 11, og staðfest með tilskipun 2006-648 um námaréttindi og réttindi til geymslu efna í jörð. Samkeppnisumsóknnum skal beint til ráðherra námarekstrar og ber að senda þær á neðangreint pósthfang.

Ákvarðanir um upphaflegu umsóknina og samkeppnisumsóknir verða teknar á grundvelli skilyrða fyrir úthlutun námaréttinda, sbr. 6. gr. ofangreindrar tilskipunar, og eigi síðar en 12. desember 2010.

Skilmálar og kröfur að því er varðar rekstur starfseminnar og lok hennar

Umsækjendum er bent á ákvæði 79. gr. og gr. 79.1 í námalögum og tilskipunar 2006-649 frá 2. júní 2006 um námavinnslu og geymslu efna í jörð, auk námareglugerðar og reglugerðar um geymslu efna í jörð (*Journal officiel de la République française*, 3. júní 2006).

Um nánari upplýsingar vísast til: Ministère de l'écologie, de l'énergie, du développement durable et de l'aménagement du territoire (Direction générale de l'énergie et climat, Direction de l'énergie, Sous-direction de la sécurité d'approvisionnement et des nouveaux produits énergétiques, bureau exploration production des hydrocarbures), 41 boulevard Vincent Auriol, F-75703 Paris Cedex 13, FRANCE (sími +33-144 973 202, bréfasími +33-153 941 440).

Unnt er að nálgast lög og reglugerðir, sem að ofan greinir, á slóðinni <http://www.legifrance.gouv.fr>

Orðsending stjórnvalda í Frakklandi með vísan til tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni ⁽¹⁾ 2009/EES/23/09

(Tilkynning um umsókn um sérleyfi til að leita að fljótandi og loftkenndu kolvetni sem kennt er við „Obernai“)

Fyrirtækið Thermopyles SAS, skráð að 50, rue du Midi, F-94300 Vincennes, hefur með umsókn frá 18. desember 2008 farið fram á sérleyfi til fimm ára, sem kennt er við „Obernai“, til að leita að fljótandi og loftkenndu kolvetni á svæði sem er hér um bil 133 km² og liggur í sýslunni Bas Rhin.

Svæðið, sem leyfið tekur til, markast af lengdarbaugum og breiddarbaugum sem tengja hornpunktana sem skilgreindir eru með hnitum í nýgráðum hér fyrir neðan. Talið er frá núlllengdarbaugi sem liggur í gegnum París.

Hornpunktur	Lengd	Breidd
A	5,90 gr A	53,90 gr N
B	5,70 gr A	53,90 gr N
C	5,70 gr A	53,80 gr N
D	5,90 gr A	53,80 gr N

Tilhöggun umsókna og skilyrði fyrir úthlutun leyfa

Upphaflegir umsækjendur og aðrir, sem keppa um leyfið, skulu færa sönnur á að þeir fullnægi kröfum samkvæmt 4. og 5. gr. tilskipunar 2006-648 frá 2. júní 2006 um námaréttindi og réttindi til geymslu efna í jörð (*Journal officiel de la République française*, 3. júní 2006).

⁽¹⁾ Stjtið. EB, 30.6.1994, bls. 3.

Fyrirtækjum, sem þess kynnu að óska, er heimilt að leggja fram samkeppnisumsókn um sérleyfið og ber að leggja slíka umsókn fram áður en 90 dagar eru liðnir frá því að auglýsing þessi birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* (C 96, 25.4.2009, bls. 36) í samræmi við málsmeðferðina sem lýst er í tilkynningu um úthlutun námaréttinda fyrir kolvetni í Frakklandi er birt var í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* C 374 hinn 30. desember 1994, bls. 11, og staðfest með tilskipun 2006-648 um námaréttindi og réttindi til geymslu efna í jörð. Samkeppnisumsóknum skal beint til ráðherra námarekstrar og ber að senda þær á neðangreint pósthfang.

Ákvarðanir um upphaflegu umsóknina og samkeppnisumsóknir verða teknar á grundvelli skilyrða fyrir úthlutun námaréttinda, sbr. 6. gr. ofangreindrar tilskipunar, og eigi síðar en 19. desember 2010.

Skilmálar og kröfur að því er varðar rekstur starfseminnar og lok hennar

Umsækjendum er bent á ákvæði 79. gr. og gr. 79.1 í námalögum og tilskipunar 2006-649 frá 2. júní 2006 um námavinnslu og geymslu efna í jörð, auk námareglugerðar og reglugerðar um geymslu efna í jörð (*Journal officiel de la République française*, 3. júní 2006).

Um nánari upplýsingar vísast til: Ministère de l'écologie, de l'énergie, du développement durable et de l'aménagement du territoire (Direction générale de l'énergie et du climat, Direction de l'énergie, Sous-direction de la sécurité d'approvisionnement et des nouveaux produits énergétiques, bureau exploration production des hydrocarbures), 41, boulevard Vincent Auriol, Paris 75703 Cedex 13, FRANCE (Sími +33-144 972 302, Bréfasími +33-153 941 440).

Unnt er að nálgast lög og reglugerðir, sem að ofan greinir, á slóðinni <http://www.legifrance.gouv.fr>

Auglýsing eftir tillögum EACEA/06/09

2009/EES/23/10

samkvæmt áætlun um símenntun

Styrkveitingar vegna starfsemi sem varðar mótun og framkvæmd hins svonefnda evrópska starfsréttindakerfis (EQF), að meðtöldum starfsréttindakerfum einstakra ríkja og starfsgreina

1. Markmið og lýsing

Auglýst er eftir tillögum í því skyni að styrkja starfsemi á grundvelli hér um bil 6–8 umsókna, með sem mestri þátttöku einstakra landa og starfsgreina, sem auðveldi samtökum sem geta stuðlað að árangursríkri og stöðugri framkvæmd evrópska starfsréttindakerfisins. Þetta er hugsað sem heildarrámmi utan um greiðari mannaskipti og aðgengilegri símenntun sem byggist á:

- stuðningi til þróunar, kynningar og beitingar svonefndrar námsniðurstöðuaðferðar í tengslum við hvers kyns starfsréttindi á öllum skólastigum,
- stuðningi við uppbyggingu og framkvæmd heildtækra starfsréttindakerfa einstakra ríkja sem byggjast á námsniðurstöðum á öllum skólastigum,
- stuðningi við gagnsæja og trúverðuga túlkun starfsréttinda einstakra ríkja í evrópska starfsréttindakerfinu til þess að auka gagnkvæmt traust milli landa og atvinnugreina.

2. Hlutgengir umsækjendur

Í tengslum við þessa auglýsingu eftir tillögum er einkum leitað eftir styrkumsóknum frá samtökum stofnana sem starfa á Evrópuvettvangi eða í einstökum ríkjum, héruðum eða starfsgreinum, til að mynda ráðuneytum, stjórnvöldum sem veita starfsréttindi, starfsgreinasamtökum, aðilum vinnu- markaðarins og öðrum sem eiga hagsmuna að gæta eða hlutverki að gegna þegar kemur að starfs-

réttindakerfum. Jafnframt er æskilegt að umsækjendur séu góðir fulltrúar starfsgreina, vinnumarkaða eða menntakerfa sem verkefni þeirra er ætlað að þjóna.

Aðeins verður tekið við styrkumsóknum frá samtökum sem eru fulltrúar stofnana í sjö styrkhæfum löndum hið minnsta.

Tekið verður við umsóknum frá stofnunum (að meðtöldum öllum samstarfsstofnunum) í eftirtöldum löndum:

- Hinum 27 aðildarríkjum Evrópusambandsins
- EFTA-ríkjunum þremur sem eiga aðild að EES (Íslandi, Liechtenstein, Noregi)
- Tyrklandi.

Að minnsta kosti þrjú þeirra ríkja, sem taka þátt í samstarfinu, verða að vera aðildarríki Evrópusambandsins.

3. Styrkhæf starfsemi

Til starfsemi, sem er styrkhæf samkvæmt þessari auglýsingu og fer fram á vegum samtaka stofnana, geta talist verkefni sem snúast um að byggja upp tengslanet sem nýta má til að deila reynslu í því skyni að ná fram handföstum niðurstöðum og varanlegum lausnum (þ.e. lausnum sem nýtast eftir að verkefninu er lokið). Í umsókninni verður að gera nákvæma grein fyrir því hvaða handföstu niðurstöðum stefnt er að og hvaða lausnir eru lagðar til.

Eftirfarandi eru dæmi um hugsanlega starfsemi:

- Kannanir og rannsóknir á viðkomandi sviði til að leiða í ljós athugunarefni, úrlausnarefni og hindranir
- Vinnufundir og málþing um úrlausnarefni og hugsanlegar lausnir á þeim
- Stofnun sérhæfðra vinnuhópa og tengslaneta með það að markmiði að ná fram lausnum
- Gerð leiðarvísu og annarra upplýsingarita/handbóka til að auðvelda sérfræðingum og hagsmunaaðilum að túlka og nota evrópska starfsréttindakerfið; þýðingar skjala eftir því sem við á
- Kynning á starfsemi sem fellur undir verkefnið og dreifing niðurstaðna til viðkomandi hagsmunaaðila

Starfsemin verður að hefjast milli 1. janúar 2010 og 31. mars 2010. Hvert verkefni skal ekki standa lengur en 24 mánuði.

4. Viðmið við úthlutun

Styrkhæfar umsóknir verða metnar til stiga samkvæmt eftirtöldum viðmiðum:

1. Hversu mikla þýðingu tillögurnar hafa (15%).
2. Hversu vandaðar aðferðir eru notaðar (15%).
3. Hversu vönduð vinnuáætlunin er (10%).
4. Hversu mikið er vandað til samstarfsins (20%).
5. Hlutfall kostnaðar og afraksturs (10%).
6. Dreifing niðurstaðna (15%).
7. Áhrif (15%).

5. Fjárveiting

Heildarfjárveiting vegna sameiginlegrar fjármögnunar verkefna í tengslum við þessa auglýsingu er 2 milljónir evra. Styrkir til einstakra verkefna verða á bilinu EUR 200 000 til EUR 300 000.

Heildarframlag Evrópubandalagsins verður ekki umfram 75% styrkhæfs heildarkostnaðar.

Framkvæmdastofnunin áskilur sér rétt til að úthluta ekki öllu því fé sem er til ráðstöfunar.

6. Umsóknarfrestur

Umsóknir skulu sendar framkvæmdastofnun áætlunarinnar (EACEA) eigi síðar en 14. ágúst 2009 (póststimpill gildir) á eftirfarandi pósthöfn:

Education, Audiovisual & Culture Executive Agency
Life Long Learning Programme, Key Activity 1 – EQF
Call for Proposals EACEA/06/09
Avenue du Bourget 1 (BOU2 2/145)
B-1140 Bruxelles/Brussel

Umsóknir verða teknar til greina því aðeins að þær séu lagðar fram rafrænt á opinberu umsóknareyðublaði og frumritið beri undirskrift fulltrúa umsóknarfyrirtækisins sem hefur umboð til lagalegra skuldbindinga fyrir hönd þess.

Umsóknir, sem berast í símbrefi eða eingöngu með rafpósti, verða ekki teknar til greina.

7. Nánari upplýsingar

Ítarlegar leiðbeiningar um þessa auglýsingu eftir tillögum birtar, ásamt umsóknareyðublaðinu, á eftirfarandi vefsetri:

http://eacea.ec.europa.eu/lp/funding/2009/index_en.htm

Umsóknir verða að berast á umsóknareyðublaðinu sem sýnt er og þeim verða að fylgja öll fylgiskjöl og allar upplýsingar sem tilgreindar eru.

Auglýsing eftir tillögum EACEA/07/09

2009/EES/23/11

samkvæmt áætlun um símenntun

Stuðningur við samstarf milli Evrópuríkja á sviði menntunar og starfsfræðslu

Um nánari upplýsingar sjá *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* (C 98, 29.4.2009, bls. 16).